

6. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 14. júní 2005.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, Urriðaholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 22. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Nýtt verslunar- og þjónustusvæði (U-1) verður við Reykjanesbraut á svæði þar sem áður var annars vegar óbyggt svæði með bæjarvernd/hverfisvernd (G-3) og hins vegar tvö svæði með blandaðri landnotkun (Ú-6: miðsvæði og opið svæði til sérstakra nota og M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði).
- Austan Urriðavatns að Elliðavatnsvegi og tengivegi við Reykjanesbraut (Urriðaholt) verður svæði með blandaðri landnotkun (U-3: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði) þar sem áður voru annars vegar þrjú svæði með blandaðri landnotkun (Ú-6: miðsvæði og opið svæði til sérstakra nota, M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði og ÍB-26: íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir) og hins vegar óbyggt svæði efst á Urriðaholtinu.
- Svæði norðan tengivegar milli Reykjanesbrautar og Elliðavatnsvegar breytist úr svæði með blandaðri landnotkun (M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði) í verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir (U-2).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.